



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sæborg 2022 – 2023



Listaverk eftir Lóu Karítas, Unu, Hilmar Braga og Jökul Hrafn

*Páfagaukur sem kann að spjalla, ljón sem borðar mannfólk, api
sem breytist í fisk og kisa sem er í partý í listasmíðjunni*

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólustjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
3 Innra mat Garða	11
4 Innra mat Lambhóls.....	13
5 Innra mat Suðurhlíðar	15
6 Innra mat Brúarenda	17
7 Innra mat listasmiðju.....	19
8 Innra mat sérkennslu.....	21
5 Innra mat – fjöltyngd börn	23
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
10 Fylgigögn.....	26
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	26
10.2 Fylgiskjal 2 – Starfsandi og starfsánægja.....	30
10.3 Fylgiskjal 3 - Umgengni	33
10.4 Fylgiskjal 4 – Handleiðsla deildarstjóra	35
10.6 Fylgiskjal 5 – Matmálstímar yngri barna.....	37
10.7 Fylgiskjal 6 – Matmálstímar eldri barna	39
10.8 Fylgiskjal 7 – Leikskóladagatal	41

Leiðarljós leikskólans

Í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2021 hefði nú mátt byrja betur að því leyti að hvorki tókst að ráða í allar stöður né taka þau börn inn sem komin voru með pláss í Sæborg. Það dróst til mars 2022 en fyrst þá voru öll þau börn komin inn sem búið var að bjóða pláss að hausti. Í lok mars stóð til að bjóða í þau pláss sem enn voru laus en það var ekki gert vegna langtímaveikinda starfsmanna sem þá komu upp og af ótta við að við næðum ekki að fullráða inn í skólann sem varð því miður raunin. Vitað var að þrír starfsmenn voru á leið í fæðingarorlof snemma um vorið. Auglýsingar hafa þó skilað nokkuð góðum árangri og haustið 2022 lítur miklu betur út og hafa foreldrar nýrra barna fengið dagsetningar fyrir börn sín í aðlögun eftir sumarlokun 2022. Veturinn einkenndist því miður af manneklu, langtímaveikindum og heimsfaraldri. Það þurfti alloft að grípa til faliðunarferlis vegna þess.

Starfsmannabreytingar hafa verið nokkrar eins og fram hefur komið en við hópinn hafa bæst góðir starfsmenn sem passa vel inn í menningu Sæborgar. Hópurinn er virkilega áhugasamur og skipulagsbreytingar áætlaðar í framkvæmd í haust er varða sérkennsluteymi skólans. Nýr sérkennslustjóri byrjaði um miðjan nóvember 2021 og tók vel í þær hugmyndir sem fyrir voru og hefur reynslu og metnað í að koma þeim til framkvæmda. Þær breytingar standa einnig fyrir dyrum að undirrituð Ásta Kristín Svavarsdóttir leikskólastjóri lætur af stjórn leikskólans. Ráðningarferli er lokið og fékk Hafdís Svansdóttir stöðu leikskólastjóra við skólann. Hafdís er núverandi aðstoðarleikskólastjóri Sæborgar.

Kynningarfundur á starfinu var fyrir nýja foreldra að hausti. Á aðalfundi foreldrafélagsins voru áhugasamir foreldrar fljótir að fylla í laus sæti í foreldraráði og foreldrafélagi. Einstaklega góður foreldrahópur hefur leitt foreldrasamstarfið sem gekk vel. Starfsmenn hafa mætt hlýju og skilningi frá foreldrum á sérstökum tímum. Við erum þeim virkilega þakklát og ég get ekki sagt nógu oft hvað góður og sýnlegur foreldrahópur skiptir miklu máli.

Áhugi okkar á starfi í anda Reggio Emilia hefur alltaf verið rauði þráðurinn í öllu sem við gerum og erum við stolt af okkar sérstöðu þar varðandi flæði og skapandi starf. Kynning á starfi okkar til nærsamfélagsins hefur verið í gegnum Instagram reikning skólans. Þar hefur starfsfólk sett inn lýsandi myndir af skapandi starfi. Það var gott að geta deilt því þar þegar samkomu og ferðatakmarkanir með barnahópa voru allsráðandi.

Á skólaárinu sem er að líða tókum við fyrir félagsfærni og sjálfseflingu í öllum þáttum starfsins í tengslum við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar og munum halda áfram með það inn í næsta skólaár 2022-2023. Unnið var með það á öllum deildum í minni og stærri hópum. Þar nýttist vel *Vínátta* sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti en þar er bangsinn Blær í aðalhlutverki en vegna manneklu þá var hann ekki nýttur eins markvisst og við hefðum viljað en þó ansi mikið. Verkefnið þjálfar félagsfærni og samskipti ásamt því að stuðla að góðum skólabrag. Fjórir starfsmenn fóru á námskeið um Vínáttuverkefni hjá Barnaheill.

Við ætluðum að halda áfram með verkefnið *Fræðsla ekki hræðsla* með Arnrúnu Magnúsdóttur en vegna óviðráðanlegra forfalla þeim megin verður því vonandi haldið áfram síðar. Það samstarf hófst þegar við vorum að vinna með „Læsi alla daga“ árið 2020-2021.



Skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmannahópin var haldið á starfsdegi í október ásamt því að skerpa á Flæðinu sem er stór þáttur í okkar skapandi starfi.

Farið var í nýliðafræðslu með nýju starfsfólki jafnt og þétt yfir skólaárið og hefur það gefist mjög vel. Hafdís Svansdóttir aðstoðarleikskólastjóri hefur unnið nýliðafræðsluna virkilega vel, yfirfarið og gert hana markvissa, góða og upplýsandi fyrir nýja starfsmenn.

Saga Stephensen kom til okkar með fyrirlestur um fjölmenningu sem er í Sæborg orðinn stór þáttur eins og víðast hvar. Hún kynnti fyrir okkur hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Þeim er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Í kjölfarið fórum við einnig að vinna markvissar með *Gefðu 10* en það er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku.

Málörvunarteymi var komið af stað í skólanum og er það upphaf að markvissri teymisvinnu margra þátta í leikskólastarfinu hjá okkur.

Anna Gréta Guðmundsdóttir listasmíðjustjóri skrifaði og tók saman *Handbók um skapandi starf í Sæborg* sú handbók er góður fjallar um ýmsa þætti um starf í anda Reggio Emilia, mismunandi efnivið og hugmyndir að skapandi verkefnum. Unnið verður markvisst með handbókina á komandi skólaári.

Á starfsdegi fór fram mikil umræða um matartíma barnanna en okkur þótti mikilvægt að skerpa á ýmsum áherslum sem höfðu legið niðri vegna sóttvarnaaðgerða. Eins var dregið fram hvaða nám á sér stað í matartíma barnanna, hvernig andrúmsloft við viljum hafa og hvernig áhrifamáttur barnanna getur komið fram í tengslum við matmálstíma. Umræðurnar voru teknar saman og útbúinn góður leiðarvísir um matartímana, bæði á íslensku og ensku.

Eins og áður kom fram er skapandi flæði einn af styrkleikum leikskólastarfsins í Sæborg en til þess að efla starfsfólk enn frekar héldu Oddný Heimisdóttir (deildarstjóri Suðurhlíðar) og Gígja Kjartansdóttir (starfsmaður á Suðurhlíð) kynningu á fræðilegum hugmyndum að baki flæðis, stýrðu umræðum starfsmanna um flæði, sáu um verkefnavinna og útbjuggu loks skýrslu um flæði í Sæborg.

Þrír starfsmenn fóru á námskeið Ráðgjafar- og greiningastöðvar um atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik og einn starfsmaður fór á námskeiðið *APES -færnimiðað matskerfi*.

Aðstoðarleikskólastjóri kláraði forystunám Reykjavíkurborgar og leikskólastjóri útskrifaðist loks formlega úr því námi en því námskeiði lauk 2019. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnu á vegum *Nordisk forskola* um sjálfbærni, jafnrétti og vísindi. Þær sóttu einnig námsstefnu FSL á vordögum sem og námskeiðið *SFS - Leiðtogi framtíðarinnar er teymið*.

Á síðasta starfsdaginn okkar þetta líðandi skólaárs fórum við í heimsókn í *Mixtúru* og í leikskólann Geislabaug en Mixtúra er upplýsinga- og tækniver Skóla og frístundasviðs. Markmið heimsóknanna var að kynna okkur skapandi og framsækna tækni í skólastarfi. Næstu skref eru að skoða hvort og hvernig við getum nýtt okkur tæknina í starfi Sæborgar enda hafsjór af skemmtilegum tæknimöguleikum sem við getum fengið lánaða inn í leikskólann. Í Geislabaugi skoðuðum við úti-eldhúsið en okkur langar mikið að byggja slíkt upp á útisvæðinu okkar hér í Sæborg. Þessi starfsdagur endaði svo í hópefli í Skemmtigarðinum í Gufunesi.



Við fengum hressilega að finna fyrir heimsfaraldrinum í janúar 2022 þá veiktist nær allur skólinn, bæði börn og starfsfólk. Í byrjun virtist það þannig að aðeins væru Covid-19 smit í öðru sóttvarnarhólfinu af tveimur og fyrra hólfid lagðist nánast allt í einu. Stutu síðar fóru smitin að koma fram í hinu hólfinu og var þá skólanum lokað í þrjá daga.

Við höldum áfram samstarfi okkar við KR og Melaskóla. Heimsóknum á báða staði fækkaði þó töluvert í vetur vegna heimsfaraldursins.

Nemi í leikskólafræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands var hjá okkur í verknámi í 2 vikur.

Starfsfólk tveggja íslenskra skóla kom og fékk fræðslu um starfið í Sæborg og einnig stór hópur kennara frá Tékklandi. Hegðunar- og sérkennsluráðgjafar frá Vesturmiðstöð hafa komið með fræðslu inn á deildarfundi þegar nauðsyn var á.

Þrátt fyrir að síðustu tvö ár hafi verið undirlögð breytingum og sérstakra aðstæðna þá stóð veturinn 2021-2022 upp úr hvað varðar álag, breytingar og hraða í Sæborg. Starfsfólk sýndi mikla eljusemi, þrautseigju og dugnað á sama tíma og það sýndi hlýleika, yfirvegun og nærgætni í garð allra. Þakklæti er mér því efst í huga eftir þessar erfiðu aðstæður.

Leikskólastjóri þakkar góðan tíma í Sæborg undanfarin fjögur ár og óskar Hafdísí Svansdóttur velfarnaðar í starfi þegar hún tekur við keflinu í lok sumars 2022.

Ásta Kristín Svavarsdóttir,
fráfarandi leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Könnun um hrós til starfsfólks og uppbyggilegar ábendingar í starfi	Starfsmanna-könnun	Allir starfsmenn í leikskólanum	Niðurstöður voru ánægjulegar. Algjör meirihluti starfsmanna sagðist hafa fengið bæði hrós og uppbyggilegar ábendingar í starfi. Niðurstöður voru einnig þýddar á ensku. Sjá fylgiskjal 2
Könnun um viðhorf starfsmanna til umgengni um svæði leikskólans	Starfsmanna-könnun	Allir starfsmenn í leikskólanum	Niðurstöður sýndu að bæta þarf umgengni í sumum rýmum leikskólans, t.d. fatahengi, svartholi, bókasafni, fataherbergi starfsmanna, leikfangaskúr og á Torginu. Starfsmenn töldu umgengni væri góð í listasmiðju, á salerni starfsmanna, í kaffistofu, deildum og salerni deilda. Niðurstöður voru einnig þýddar á ensku. Sjá fylgiskjal 3
Flæði	Umræður á starfsmanna-fundi og fundur með börnum	Allir starfsmenn í leikskólanum Rýnihópur barna	Starfsmenn voru sammála að föstudagsflæðið sé einn af styrkleikum Sæborgar og að vilji sé að þróa flæðið frekar. Ákveðið var hvernig hægt væri að deila ábyrgð við að undirbúa flæðið og ganga frá. Tveir starfsmenn skrifuðu skýrslu um flæðið með aðaláherslum, markmiðum og hugmyndum Börnin voru mjög ánægð með flæðið og sögðu það jafnvel það skemmtilegasta sem þau gera í leikskólanum.
Handleiðsla nýrra deildarstjóra	Spurningalisti til deildarstjóra sem hlaut handleiðsluna	Nýr deildartjóri (annar deildarstjóri sem hlaut handleiðslu hætti áður en mat fór fram)	Sjá fylgiskjal 4



Matartímar	Umræður á starfsmanna-fundi og minni umræðuhópar (yngri og eldri deilda). Samantekt í lokin og útbúin tvö skjöl sem lýsa því hvaða áherslur við höfum í matartímum. Skjölín voru einnig bæði þýdd á ensku.	Allir starfsmenn í leikskólanum	Sjá fylgiskjöl 5 og 6
-------------------	--	---------------------------------	-----------------------

Ytra mat

Reykjavíkurborg stóð fyrir starfsmannakönnun skólaárið 2021-2022. Stjórnendur leikskólans hafa ekki enn komist inn í kerfið, vegna tæknilegra erfiðleika, til þess að skoða niðurstöður starfsmannakönnunarinnar í Sæborg. Um leið og það tekst verður búin til umbótaáætlun út frá niðurstöðunum.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun			



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Sýnileiki stjórnenda	Að stjórn- endur verði sýnilegri foreldrum í leik- skólanum	Tíðari tölvupóst- skipti og sýnileiki, t.d. á Torginu	Stjórn- endur	Sept. 2022	Maí 2023	Foreldrakönnun	Frekari ánægja foreldra um sýnileika stjórnenda.
Uppeldis- og menntastarf							
Flæði	Að tengja flæði við fleiri þætti í leikskóla- deginum	Fjölum stundum sem eru í anda flæðis. Aukum þekkingu starfsfólks á flæðihug- takinu. Auka áhrifamátt barna á viðfangsefnum í flæðinu.	Deildar- stjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Starfsmanna- könnun Rýnihópar barna	Aukin þekking starfsfólks á flæði. Virkari þátttaka allra. Aukin áhrif barna á viðfangs- efni.
Skráningar	Að virkja starfsfólk í að gera skráningar og efla þekkingu á skráning- um	Tökum aftur upp skráninga- fundi þar sem starfsfólk ígrundar skráningar. Umræður á deildarfundum um skráningar	Lista- smiðju- stjóri og deildar- stjórar	Sept. 2022	Júní 2023	Starfsmanna- könnun Námsbækur barna skoðaðar og gert yfirlit um skráningar	Dýpri þekking á skráning- um og fleiri skráningar unnar í starfinu.
Leikur	Að gefa leik barna enn meiri tíma og rými.	Að efla þekkingu starfsmanna á leik sem aðalnámsleið barna. Fáum fyrirlestur um leik frá Söru Margréti Ólafsdóttur, dósentu á MVS	Mats- nefnd og deildar- stjórar	Sept. 2022	Júní 2023	Skráningar um leik Umræðuhópar á deildum	Betri umgjörð um leiki. Hlutverk starfs- manna í leik skýrara



Mannauður/ Leikskólabragur							
Teymisvinna/ lærdómssamfélag	Að teymis- vinna verði aukin til þess að auka þekkingu í starfs- hópnum og leggja markvisst áherslu á ákveðna þætti.	Aukin þekking á ýmsum þáttum daglegs starfs. Stofnaðar verða teymi utan um sérkennslu, fjölmenningu, flæði og málörvun	Stjórn- endur.	Sept. 2022	Apríl 2023	Skrifleg greinargerð frá teyimum. Starfsmannakönnun um hverju teymisvinnan er að skila	Virkt lærdóms- samfélag innan leikskólans sem eflir allt faglegt starf
Innra mat							
Matsteymi	Að efla innra mat í leiks- skólanum og virkja foreldra til þess að taka þátt og koma með hugmyndir.	Stofna matsteymi. Fundagerðir matsteymis. Bjóða a.m.k. einu foreldri að vera í matsteyminu. Óskað eftir hugmyndum frá öllum foreldrum um þátt í starfinu til þess að vinna með og meta. Auka þátt barna í innra mati.	Stjórn- endur og mats- teymi.	Sept. 2022	Apríl 2023	Farið yfir það mat sem framkvæmt var Þátttaka foreldra og barna metin	Markvissara innra mat og aukin þátttaka foreldra og barna.



3 Innra mat Garða

Greinagerð frá deildarstjóra Garða veturinn 2021-2022

Á Görðum voru 16 börn fyrri hluta þessa skólaárs en í desember 2021 færðu átta elstu börnin sig yfir á Lambhól og þrjú börn í viðbót í mars. Þrjú ný börn byrjuðu á Görðum í desember og eitt barn bættist við í mars. Síðastliðna mánuði hafa verið níu börn á Görðum, fædd árið 2019 og 2020, sjö strákar og tvær stelpur. Deildarstjóri Garða hætti í mars og fyrrum deildarstjóri í Sæborg tók við.

Mikil áhersla hefur verið lögð á skapandi starf og hafa börnin haft fjölmörg tækifæri til þess að mála, leira, líma, þræða, byggja og leika með ljós og skugga. Í gegnum þessar athafnir hafa börnin þjálfað fínhyrkyngar, samhyfingu augna og handa og einbeitingu. Í útiveru hafa börnin að mestu leikið í minni garðinum eða „litla garði“ eins og það kallast en þar hafa þau fengið ró og næði fyrir leiki sína og uppgötvanir. Mikill bílaáhugi hefur verið á deildinni og andlit barnanna ljóma þegar þau sjá ruslabíla, vörubíla, gröfur og flutningabíla keyra fram hjá leikskólanum en sem betur fer virðist Starhaginn vera vinsæl gata fyrir stór faratæki.

Málörvun hefur átt stóran þátt í leikskóladeginum en hún fer fram í daglegu amstri (setjum orð á athafnir og hvetjum börnin til þess að spjalla), í gegnum bókalestur og söng. Það hefur jafnframt verið markmið hjá okkur á deildinni að gæta að því að matartímar séu rólegir og að allir fái hæfilegan tíma til þess að borða og spjalla. Eftir að strangasta covid-tímabilinu lauk færðum við matinn aftur á borðin í stað þess að skammta börnunum á vagninum. Það að hafa matinn fyrir framan sig eflir málþroska barnanna (hægt að tala um matinn) og gerir þeim auðveldara fyrir að biðja um það sem þau vilja. Þegar hvert barn er búið að borða fer það strax inn í hvíldina og þarf það ekki að bíða eftir að allir séu búnir að borða en þetta hefur reynst börnunum vel.

Leikefni á deildinni er fjölbreytt – allt frá mismunandi kubbum, dýrum, bollastelli, eldavél, búningum (slæðum og útifötum), ýmsu fallegu á ljósaborðið og alls konar verðlausum efnivið (e. loose parts). Börnin hafa notið sín vel í leik og eru smám saman að þróa hlutverkaleikinn. Í innra herberginu höfum við gefið börnunum tækifæri að efla grófhreyfingar sínar með því að hoppa af bekknum í glugganum, rúlla niður dýnur, skriða í gegnum göng, leika með bolta og svo framvegis. Við teljum það mikilvægt að börn fái einnig tækifæri til þess að efla grófhreyfingar inni á frjálsan hátt þar sem útveran er aðeins hluti af leikskóladeginum og það getur verið erfiðara að hreyfa í sig í útifötum og kuldaskóm.

Samskipti barnanna hafa verið góð og þykir þeim greinilega vænt hvort um annað miðað við faðmlögin sem við sjáum svo til daglega.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vettvangsferðir	Fara oftar í vettvangs- ferðir	Nýta okkur hvert tækifæri sem gefst og finna leiðir til þess að komast.	Deildarstjóri og starfsfólk	Október 2022	Júní 2023	Vettvangsferðir skráðar í bók, hvað var gert og hvernig börnin upplifðu ferðina.	Fleiri vettvangs- ferðir og venja börnin við göngu- ferðir



Sjálfshjálp	Að efla sjálfshjálp barnanna í fataherbergi.	Hvetjum þau áfram að reyna að klæða sig sjálf í og úr fataherberginu, gefa þeim nægan tíma til þess að reyna og efla þau í að ganga frá fötunum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræðumat á deildafundum	Aukin geta barna til þess að klæða sig í og úr sjálf sem og aukið trú á eigin getu.
Sjálfshjálp	Að efla sjálfshjálp barnanna á matmáls-tímum	Hvetja börnin til þess að skammta sér matinn sjálf, borða sjálf og ganga frá eftir matinn.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræðumat á deildafundum	Aukin geta barna til þess að gera sem mest sjálf á matar-tímum.
Læsi og málörvun	Að stuðla að læsi í víðu samhengi	Leggja áherslu á bókaletur, orðuð samskipti og leiki, sönglög og leikræna tjáningu	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræðumat á deildafundum	Fjöl-breyttari orðaforði og aukin hæfni til þess að tjá sig með orðum.



4 Innra mat Lambhóls

Greinagerð frá deildarstjóra Lambhóls veturinn 2021-2022

Haustið fór hægt af stað á Lambhóli. Það var erfiðleikum háð að ráða einhvern til að leysa af deildarstjóra, sem var í fæðingarorlofi, en svo fór að ráðinn var einn deildarstjóri þann 1. desember og opnaði deildin þá með sjö börnum af Görðum og einu frá Suðurhlíð. Nýráðni deildarstjórinn fór hins vegar fljótlega í veikindaleyfi og var því deildin frekar viðkvæm þar til leikskólakennarinn sem á stöðu deildarstjóra kom úr fæðingarorlofi í mars. Í kjölfarið færðust svo á deildina fleiri börn frá Görðum og urðu þau flest tólf þetta skólaár. Með komu deildarstjórans myndaðist betri rammi utan um deildina sem skilaði sér í aukinni áherslu á leik, málörvun, jákvæð samskipti og sjálfshjálp.

Í matartímum var lögð meiri áhersla á að hafa ró og næði og að börnin gæfu sér tíma til þess að matast. Maturinn var settur á borðin í stað þess að vera á vagninum auk þess sem starfsfólkið lagði meiri áherslu á að sitja með börnunum. Það eitt og sér gerði það að verkum að börnin borðuðu betur og í meiri ró.

Mikil málörvun hefur farið fram á deildinni, t.d. er mikið spjallað um heima og geima, við syngjum alls kyns lög, segjum sögur, lesum bækur og svo eflist auðvitað málþroski í gegnum leik. Börnin halda sérstaklega upp á lagið *Við förum öll í ljónaleit* og *Tröllalagið* sem og þuluna *Í ömmu minnar gamla húsi*. Við höfum lagt áherslu á að syngja frekar hægt til þess að börnin geti frekar tekið þátt og lært lagatextana. Oftast byrja börnin á að botna setningar þegar þau læra ný lög og þá er mikilvægt að syngja hægt. Við ræðum það sem við erum að syngja um og lesa – förum yfir orð sem eru kannski skrítnin og útskýrum frekar. Sem dæmi þá syngjum við matarlagið fyrir hádegismatinn næstum því á hverjum einasta degi – það lag endar á setningunni „svo ekki gauli garnirnar“ og þá höfum við rætt hvað það þýðir og svo hlustum við hvort við heyrum einhvað gaul og hvort einhverjir magar séu orðnir mjög svangir. Við höfum því nýtt hvert tækifæri til að vinna með orðaforða og málskilning

Hlutverkaleikir barnanna hafa þróast mikið þetta skólaár og börnin eru að detta í sjálfsprottinn leik og eru að elda mat, borða, sofa, vakna, hugsa um börnin sín, fara í strætó og margt fleira sniðugt. Börnin hafa líka verið að takast á við hugtakið *að deyja* í gegnum leik og hafa þau „dáið“ til skiptis - "nú ég vera dain, nú ég búin að vera dain, nú þú dain". Það reyndist vera góð leið til þess að æfa sig að skiptast á vegna þess að af einhverjum ástæðum gat bara einn verið dainn í einu í leiknum. Sem betur fer hafa öll börn lifnað nokkuð fljótt við. Við leggjum einnig áherslu á að leiðbeina börnunum með að setja sér mörk og að virða mörk annarra, þá með því að segja til dæmis „nei“, „stopp“ eða „ég vil ekki“.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsefning	Hvetja börnin til að klæða sig meira í og úr sjálf í fataherbergi.	Gefa sér rýmri tíma í fataherbergi og hafa færri börn í einu	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Rætt á deildarfundum hvernig til hefur tekist	Hvort börnin séu þeim mun virkari í að gera sjálf um vorið, rólegri og yfirvegaðri tími í fataherbergi.



Matartími	Hvetja börnin til að gera meira sjálf, skammta sér sjálf í matartímum og stefna að því að vera með hlaðborð um vorið 2023	Hafa matinn í smærri ílátum og áhöld sem passa vel í hendur barnanna.	Deildarstjóri	Janúar 2023	Maí 2023	Rætt á deildarfundum hvernig til hefur tekist	Hvort börnin séu þeim mun virkari í að gera sjálf um vorið og hvort byrjað sé með hlaðborð um vorið 2023
Vettvangsferðir	Fara í vettvangsferðir	Nýta tímann vel þegar vel er mannað í húsi eða skipta barnahópnum í smærri hópa til að komast í ferðir í nær-umhverfinu	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Rætt á deildarfundum hvernig til hefur tekist.	Hvort farið sé í fleiri vettvangsferðir og hvort að börnin hafi notið þeirra.
Skráningar	Hvetja alla starfsmenn til að gera skráningar	Gefa öllum starfsmönnum deildarinnar sem hafa áhuga tækifæri til að skrá og vinna úr skráningum. Ígrunda skráningar á deildarfundum.	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Rætt á deildarfundum hvernig til hefur tekist	Hvort að fleiri skráningar hafi farið í ferilmöppur barnanna en áður.
Leikur	Starfsmenn styðji betur við leik barna og að starfsmenn efli þekkingu sína á leik barna og mikilvægi hans sem námsleið.	Hafa börnin í fámönnum hópum með starfsmanni sem styður við leikinn. Umræður um leik barna á deildarfundum. Starfsmenn sitja fyrirlestur um leik.	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur. Mögulega gera leikskráningar.	Aukinn samleikur, dýpri leikur og ró í leik.



5 Innra mat Suðurhlíðar

Greinagerð frá deildarstjóra Suðurhlíðar veturinn 2021-2022

Veturinn 2021-2022 voru um 20 börn á Suðuhlíð fædd í júní 2017 og fram í desember 2018. Til þess að takast á við breitt aldursbil og ólíkar þörfir barnanna var góð samvinna milli Brúarenda og Suðurhlíðar með börn fædd 2017 sem skiptust á þessar tvær deildir. Börnin fóru í sér vettvangsferðir á meðan yngri hluti deildarinnar var yfirleitt eftir í Sæborg. Tíð veikindi og styttingar starfsfólks settu ákveðið strik í reikninginn hvað varðar þemavinnu og vettvangsferðir. Aftur á móti náði föstudagsflæðið að halda dampi, en það hefur lengi vel einkennt metnaðarfullt starf Sæborgar. Flæðið var tekið enn lengra þennan vetur og hafði áhugi starfsfólks og barna mest áhrif þar á. Flæðið náði að vera alla föstudaga og var stundum aðra daga vikunnar og einskorðaðist ekki aðeins við torgið heldur náði inn á Suðurhlíð. Starfsfólk deildarinnar kynnti sér enn frekar flæðiskenningar ungverska sálfræðingsins Mihaly Csikszentmihalyi og unnin var skýrsla um flæðið í Sæborg. Í kjölfarið var haldinn fyrirlestur á starfsdegi fyrir allt starfsfólk leikskólans.

Kenningar Csikszentmihalyi ríma vel við starf Sæborgar í anda Reggio Emilia þar sem forvitnin leiðir börnin áfram í sköpun og þekkingarleit og umhverfið þarf að vera örvandi með opnum efnivið. Í Sæborg er mikil áhersla lögð á umhverfið sem þriðja kennarann og hefur starfsfólk Suðurhlíðar verið duglegt að setja upp kveikjur, allt eftir áhugasviði barna og starfsfólks. Í vetur fundum við að það er sérstaklega mikilvægt að starfsfólk og börn fái útrás fyrir sitt áhugasvið því þannig náum við best að kveikja í einlægum áhuga hjá hvert öðru. Stefnan fyrir næsta vetur er því ekki aðeins að einblína á áhugasvið barnanna heldur líka starfsfólks og finna því farveg í daglegu starfi. Þá skiptir máli að hengja sig ekki í stífum ramma og þéttnu dagsskipulagi því slíkt hindrar virka þátttöku barna í leikskólastarfi og gefur lítið rými fyrir flæðisástand.

Eftir ígrundun starfsfólks og samtöl við tvo elstu árganga leikskólans fengum við staðfest að flæðið er einn hápunktur starfsins hjá börnunum. Það er miður að hvergi í námsmöppum barnanna eru skráningar tengdar flæði og er markmið að bæta úr því. Næsta vetur mun barnahópurinn fara yfir á Brúarenda og viljum við halda áfram að dýpka faglegt starf tengdu flæði. Starfsfólk mun vinna skráningar í samvinnu við börnin. Þá verða ljósmyndir teknar í flæði og börnin skoða svo með kennurum og tjá sína upplifun og þannig fá raddir barnanna heyrast.

Í vetur var byrjað að leggja inn samskiptareglur úr *Lausnaringnum*, sem er liður í forvarnarverkefninu *Fræðsla ekki hræðsla*. Næsta vetur ætlum við að taka þetta lengra og vinna okkar eigin samskiptareglur með börnunum og hafa sýnilegar inni á deild. Þá verða þau sjálf myndefnið í sjónrænum reglum.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfshjálp	Þar sem börnin verða óvenjulega ung viljum við efla þau í sjálfshjálpi í ýmsum athöfnum	Hvetja börnin til þess að bjarga sér sem mest sjálf á matmáls-tímum, t.d. skammta, skera, smyrja og ganga frá. Efla börnin í að klæða sig í og úr í fata-herberginu með mikilli hvatningu og nægilegum tíma.	Deildar- stjóri og starfsfólk deildar	Ágúst 2022	Júní 2022	Umræðumat reglulega á deildarfundum. Ljósmyndir af börnunum að takast á við athafnir í ýmsum aðstæðum.	Meiri færni í daglegum athöfnum.
Leikur	Að skapa betri ramma utan um leik barnanna.	Starfsfólk hlýtur fræðslu um mikilvægi leiks frá lektor á MVS auk þess sem umræður á deildarfundum munu fara reglulega fram	Deildar- stjóri og starfsfólk deilda	Ágúst 2022	Júní 2022	Leikjaskráningar og ígrundun um þær á deildarfundum. Umræðumat á deildarfundum.	Aukinn þekking á leik barna og hlutverk fullorðinna sem og dýpri leikur.
Skráningar	Að skráningar fái meira rými í daglegu starfi.	Hvetja allt starfsfólk til þess að reyna sig í skráningum, taka þátt í ígrundun og læra af henni.	Listasmiðju- stjóri og deildarstjóri	Okt. 2022	Júní 2022	Umræðumat á deildarfundum. Skráningar og ígrundun	Meiri reynsla við skráningar. Fleiri skráningar í námsbókum barna.



6 Innra mat Brúarenda

Greinagerð frá deildarstjóra Brúarenda veturinn 2021-2022

Skólaárið á Brúarenda byrjaði á því að nýráðinn deildarstjóri hætti skyndilega eftir nokkrar vikur í starfi. Reyndur leiðbeinandi á deildinni tók við deildarstjórninni og myndaðist þá nokkur stöðugleiki. Í upphafi skólaársins voru nítján börn á deildinni, þar af fimm stelpur og fjórtán strákar. Einn drengur hætti um áramót til þess að fara í grunnskóla og ein stúlka hætti í febrúar. Barnahópurinn hefur verið einstaklega kraftmikill, athafnaglaður og frjór. Talsvert hefur verið um tvítyngd eða þrítyngd börn og því hefur málörvun verið mikill hluti af leikskóladeginum. Deildin var ekki aldurshreinn þar sem tólf börn voru fædd 2016 en afgangurinn 2017. Mikið var lesið þetta skólaár sem og hlustað á sögur. „Bókabíó“ var sérstaklega vinsælt en þá var myndum úr bókinni sem lesin var varpað upp á stórt tjald á Torginu.

Mikið hefur verið um skapandi verkefni sem tengjast skynjun og upplifun. Málning, leir, lím, skæri og alls kyns verðlaus og endurnýtanlegur efniviður hafa verið hluti af daglega starfinu. Börnin gátu leyft sköpunarkraftinum að njóta sín í flestum verkefnum og þá sérstaklega í jólagjafaverkefninu og öskudagsbúningagerðinni. Börnin hafa byggt heilan helling og eru sérstaklega leikin með holu- og einingakubba sem mynda skemmtilega umgjörð um leikinn. Hlutverkaleikir hafa verið fjölbreyttir en það hefði verið gott fyrir barnahópinn af hafa meira pláss á deildinni eða jafnvel auka herbergi – öll þessi orka skilaði sér stundum í auknum hávaða. Mikil vinátta er til staðar á milli barnanna sem og væntumþykja.

Börnin gátu bara farið í vikulegar ferðir í KR hluta vetrar vegna Covid-takmarkana. Þar býðst þeim gott rými til þess að reyna á grófhreyfingarnar en það gerðu þau einnig þegar torginu (miðsvæði leikskólans) var stundum breytt í hreyfisvæði sem og í fjöruferðum og í útiveru. Börnin hafa farið í ótal vettvangsferðir, t.d. í Listasafn Reykjavíkur, Grasagarðinn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Listasafn Íslands, í fjöruferðir, á leiksvæðið í Gufunesbæ og á ýmsa staði í viðbót. Ágætt samstarf við Melaskóla og fóru börnin í útskriftarárganginum í nokkrar ferðir þangað til þess að kynnast ólíkum þáttum í skólastarfinu, t.d. íþróttatíma og að fara á bókasafnið.

Í vetur var ætlunin að halda áfram með innleiðingu á *Lausnahríngnum* og var það gert að hluta. Aðilinn sem handleiddi okkur í því fór óvænt í langt veikindaleyfi og okkur tókst ekki að innleiða öll atriðin sem Lausnahríngurinn inniheldur. Vinna með Lausnahrínginn hefur reynst hafa góð áhrif á samskipti og hegðun inni á deildinni, þó að auðvitað komi upp árekstrar, eins og gengur og gerist.

Í lok skólaársins var ákveðið að útbúa svokallaðan griðastað inn á deildinni þar sem börn gátu farið til þess að ná tökum á tilfinningum sínum og skapi. Gluggaskot var girt af með litríku efni en griðastaðurinn er ekki hugsaður sem „skammarkrókur“ heldur staður þar sem hægt er að jafna sig og róa hugann.

Á Brúarenda áttu nokkur börn rétt á sérkennslu og var unnið með það ýmist inni á deildum, á Torginu eða í sérkennsluherberginu. Oft var unnið með fleiri en eitt barn í einu og voru viðfangsefnin t.d. félagsfærnisögur og spil.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæði	Að börn hafi áhrif á starfið í leikskólanum- að þeirra rödd heyrist	Kennarar og börn taki ljósmyndir í flæði og meti þannig áhuga og virkni þeirra.	Starfsmenn deildar	Sept. 2022	Maí 2023	Börnin skoði ljósmyndir úr flæði og segi frá upplifun sinni. Kennari skrásetur og gerir skráningar.	Skráningar í námsbækur barnanna
Samskiptareglur leikskólans	Börn og kennarar vinna í sameiningu samskipta- reglur sem verðar að leiðarljósi	Börnin vinna reglur með kennara í umræðu- hópum	Deildarstjóri	Sept. 2022	Október 2022	Umræður í samverustundum	Reglur séu sýnilegar og hangi uppi á vegg í augnhæð barnanna
Börnin setji sér markmið	Börnin hafi bein áhrif á sitt nám	Markmið barna skráð að hausti	Starfsfólk deildarinnar	Sept. 2022	Maí 2023	Reglulega farið yfir stöðuna og ferlið og þróun skráð.	Skráningar
Áhugasvið starfsfólks	Starfsfólk kortleggi sitt áhugasvið og finni leiðir til að tengja það við starfið		Deildarstjóri	Ágúst 2022	Maí 2023	Spurningalisti	Meiri starfsánægja



7 Innra mat listasmiðju

Greinagerð frá listasmiðjustjóra veturinn 2021-2022

Starfið í listasmiðjunni var bæði fjölbreytt og skemmtilegt enda var ég nýkomin úr meistaranámi úr listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Það hafði þó talsverð áhrif að ég var mikið í afleysingum á haustmisseri og styðjandi við starf yngstu deildarinnar. Kosturinn við það var þó að þannig kynntist ég yngstu börnunum vel og þau mér. Ég var í 80% starfi fyrir áramót og 70% eftir áramót sem hafði einnig áhrif á þann tíma sem ég gat verið með börnunum.

Ýmis skemmtileg verkefni voru unnin í vetur, t.d. ýmsar útgáfur af sjálfsmyndateikningum, leirverk, köngulóarvefur, eðlur, dýramálverk með myndvarpa (sjá á forsíðu), þræðiverk, ullarþæfing, límverk, gluggamálverk, fánar og fleira. Jafnframt voru hinar árlegu jólagjafir með sama sniði og venjulega á eldri tveimur deildunum, þ.e. hvert barn þróaði sína hugmynd frá upphafi til enda og listræn tjáning barnsins fékk að njóta sín. Börnin notuðu aðallega verðlausan efnivið við jólagjafagerðina og það eina aðkeypta var málning, lím og límbyss. Í stað þess að nota nýjan maskínupappír til þess að pakka gjöfunum inn fengum við foreldra til þess að koma með alls konar kassa og margnota bréfpoka sem börnin skreyttu.

Öskudagsbúningasmiðja var sett upp tveimur vikum fyrir öskudag og vegna covid ákváðum við að starfsfólk myndi aðstoða börnin við gerð búninganna í stað foreldra (eins og oft hefur verið). Búningagerðin heppnaðist vel og voru börn og starfsfólk ánægt með ferlið. Stutt skráning fór í námsbók hvers barns um búninginn.

Yngstu börnin unnu aðallega verkefni sem tengdust skynjun, upplifun og leik. Því miður var mikið um manneklur á yngstu deildinni og því oft ekki hægt að fá þau börn í stærri verkefni í listasmiðjuna. Börnin máluðu þó á bleyjunni og flest leiruðu einnig á bleyjunni.

Margar skráningar voru unnar í tengslum við ofantalin verkefni. Starfsfólk deilda sá um að útbúa skráningar um öskudagsbúningagerðina en ég vann skráningar úr flestum öðrum verkefnum. Í fljótu bragði sýnist mér ég hafa náð að gera um 240 skráningar á síðasta skólaári. Skráningarnar hafa lengst mikið og innihalda mun fleiri myndir en áður. Það er annars vegar til þess að bregðast við því að færri skráningar hafa verið unnar inni á deildum undanfarin ár og hins vegar vegna niðurstöðna meistararannsóknar minnar sem fjallaði um viðhorf fyrrum Sæborgarbarna (7 – 17 ára) til þeirra skráninga sem settar voru í námsbækur þeirra.

Ég útbjó stóra og mikla *Handbók um skapandi starf* fyrir starfsfólk Sæborgar og er til eintak á hverri deild. Í henni er fjallað um ýmsa áherslupætti í starfi í anda Reggio Emilia og þeir tengdir við starf okkar í Sæborg. Jafnframt eru sérstakir kaflar um ákveðin námsgögn og tjáningarleiðir, t.d. teikningu, málningu, jarðleir, einingakubba, verðlausan efnivið, textíl, tónlist, dans, leikræna tjáningu og loks ljós og skugga. Í hverjum kafla er efniviðurinn kynntur, settar eru fram spurningar sem gott er að hafa í huga og svo loks ýmsar hugmyndir hvernig hægt er að vinna með efniviðinn. Það er ósk mín að handbókin nýtist á markvissari hátt næsta skólaár.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Handbók um skapandi starf	Tengja hana enn frekar við daglegt starf.	Hver deild velur sér einn kafla í mánuði sem unnið er með og skrifa svo stutta greinagerð um hvernig gekk.	Listasmiðju- stjóri og deildarstjórar	Sept. 2022	Júní 2023	Farið yfir greinagerðir Spurningalisti til starfsfólks	Dýpri þekking á mismunandi efnivið og hvernig börn geta notað hann til tjáningar
Meiri viðvera í listasmiðju	Geta nýtt tímann betur með börnunum í listasmiðjunni	Reyna að leysa úr mannekle á annan hátt en að ég fari inn á deildir.	Listasmiðjustjóri og leikskólastjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Held yfir skrá um hvað ég geri með börnunum og hvenær ég þarf að fara inn á deildir.	Meiri tími með börnunum
Skráningar	Meiri þátttaka barna í skráningum	Vinna úr skráningum inni á deildum og fá útskýringar, hugmyndir og lýsingar barna.	Listasmiðjustjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Skoða skráningar í byrjun sumar og skoða hvort þáttur barna sé greinilegri.	Raddir barna heyrast betur í skráningum.



8 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Hér í Sæborg er eitt barn með 8 klukkustunda stuðning á dag. Önnur börn hafa fengið úthlutaðar upphæðir. Öllum börnum sem eru með stuðningstíma er boðið að fara í einstaklingsþjálfun daglega þegar mögulegt er. Á covid tímabilinu var ekki alltaf hægt að koma því við, bæði vegna sóttvarnarreglna og vegna veikinda í starfsmannahópnum. Stuðningsaðili hefur yfirumsjón með ákveðnu barni í samvinnu við sérkennslustjóra og deildarstjóra. Í einstaklingsþjálfun er mikil áhersla lögð á að vinna með málprosa og þá með áherslu á villulausa þjálfun en einnig er unnið með að þjálfar daglegar athafnir, félagsfærni og aðra þætti sem einstaklingurinn þarf á að halda. Auk einstaklingsþjálfunar fer sérkennslan mikið fram inni á deildum í náttúrulegri kennslu. Mikið er lagt upp úr því að vinna með börn í smærri hópum og stundum er unnið með tvö börn saman. Áhersla er lögð á að allir á deildinni fái upplýsingar um áhersluatriði hjá hverju barni svo að allir á deildinni séu virkir í þjálfuninni. Þannig vinna allir saman í því að aðstoða barnið við að yfirfæra nám úr einstaklingsþjálfun yfir í almennar aðstæður.
Hvaða matsgögn voru notuð?	APES, VB-map, Hljóm-2, EFI-2, Orðaskil og Smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað?	Við notum bæði aðkeypt og heimatilbúin námsgögn

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skerpa á einstaklings- áætlunum	Nýta þær á enn mark- vissari hátt.	Gera einstaklings- áætlanir og fylgja þeim eftir á teymisfundum með sérkennslu- ráðgjöfum	Sérkennslu- stjóri	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræður á deildarfundum og fundum sérkennslu- teymis	Að gerð sé einstaklings- áætlun fyrir öll börn sem þurfa sérkennslu



Markvissari sérkennsla	Efla markvissari sérkennslu	Stofna sérkennsluteymi í skólanum sem samanstendur af þeim sem sjá um þjálfun barna með sérþarfir	Sérkennslu- stjóri	Ágúst 2022	Júní 2023	Umræðumat þeirra sem standa að sérkennslu	Markvissara og sýnilegra endurmat á hæfni
---------------------------	-----------------------------------	--	-----------------------	---------------	--------------	--	--



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í efniskaup, þ.e. bækur og ýmiss konar spil.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Starfsfólk er meðvitað um að nýta allar daglegar aðstæður í að efla orðaforða barnanna. Farið er yfir þennan þátt í nýliðafræðslu. Við vinnum með <i>Gefðu 10</i> .
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Á öllum deildum eru daglegar samverustundir t.d. nýttar í bókalestur og söng.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við erum byrjuð að fylla inn í <i>Hæfniramma í íslensku</i> fyrir fjöltyngd börn
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi allra þátta máls og læsis í viðum skilningi

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfnirammar	Efla markvissa málörvun tvítyngdra barna	Nýta hæfni-ramma til þess að gera málörvun markvissari	Leikskóla-stjóri og sérkennslu-stjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Skoðuð virkni í notkun hæfniramma.	Auknar framfarir tvítyngdra barna.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Því miður tókst ekki að ná öllu starfsfólki í starfsþróunarsamtöl vegna anna, sérstaklega eftir að Ásta Kristín, leikskólastjóri, var ráðin í annan leikskóla en þá fóru síðustu vikurnar í að ganga frá ýmsum lausum endum. Um helmingur starfsfólks fór í starfsþróunarsamtal og virtist almenn ánægja ríkja um leikskólastarfið og samskipti.

Starfsfólk sótti sér ýmsa fræðslu á þessu skólaári.

- Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið í skyndihjálpi í október 2021.
- Fjórir starfsmenn fóru á námskeið um *Vináttuverkefnið Blæ*.
- Starfsfólk eldri tveggja deildanna vann áfram með verkefnið *Fræðsla en ekki hræðsla* undir handleiðslu Arnrúnar Magnúsdóttur.
- Listasmiðjustjóri flutti fyrirlestur um skapandi starf og hugmyndafræði Reggio Emilia á starfsdegi í janúar 2022. Allir starfsmenn tóku þátt.
- Allt nýtt starfsfólk fékk nýliðafræðslu.
- Saga Stephensen kom og kynnti fyrir okkur *Hæfniramma fyrir tvítyngd börn* á starfsdegi auk þess sem hún leiðbeindi okkur með *Gefðu 10*. Allir starfsmenn tóku þátt.
- Tveir starfsmenn á Suðurhlíð fluttu fyrirlestur um flæði fyrir allt starfsfólk leikskólans.
- Þrír starfsmenn fóru á námskeið Ráðgjafar- og greiningastöðvar um atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik.
- Einn starfsmaður fór á námskeiðið *APES -færnimiðað matskerfi*.
- Aðstoðarleikskólastjóri kláraði forystunám Reykjavíkurborgar.
- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnu á vegum *Nordisk forskola* um sjálfbærni, jafnrétti og vísindi.
- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeiðið námskeiðið *SFS - Leiðtogi framtíðarinnar er teymið*.
- Allt starfsfólk Sæborgar heimsótti Mixtúru, fékk fræðslu um sköpunarsmiðjuna og prófaði ýmislegt sem Mixtúra býður upp á.
- Allt starfsfólk fór í heimsókn í leikskólann Geislabaug á starfsdegi.
- Þrír starfsmenn sóttu fræðslu um *ADHD* á Menntavísindasviði Háskóla Íslands hluta úr degi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Að venju var ágætt samstarf við grunnskólann í hverfinu, þ.e. Melaskóla, sem fólst í nokkrum heimsóknum elstu barnanna í skólann. Útskriftarhópurinn fór í eina heimsókn í Selið sem er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk. Nemendur úr Hagaskóla komu í heimsókn og settu upp smíðju á Torginu en það var í tengslum við námskeið nemenda. Eins og áður kom fram fóru börnin á elstu deildinni einu sinni í viku í KR þegar mátti í faraldrinum.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er í leikskólanum og var skipað fjórum einstaklingum. Foreldrafélag Sæborgar er starfrækt og eru fimm foreldrar í stjórn félagsins. Kosið er eftir þörfum á Aðalfundi ár hvert í bæði



foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrafélagið stóð fyrir skemmtilegri sumarhátíð í júní sem var vel heppnuð í alla staði.

Kynningafundir deilda fyrir foreldra féllu niður þetta skólaár vegna covid en verða haldnir haustið 2022.

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Í fyrra samtalinu, oftast í september eða október, búa foreldrar og kennari saman til einstaklingsnámskrá fyrir barnið sem byggir allt í senn á styrkleikum barnsins, áhuga og því sem þarf að efla. Í seinna samtalinu, oftast í apríl, er farið yfir stöðuna og hvernig tekist hefur að vinna að markmiðunum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Mánudagur 22. ágúst 2022

Föstudagur 14. október 2022

Fimmtudagur 17. nóvember 2022 (eins og Melaskóli)

Mánudagur 2. janúar 2023 (eins og Melaskóli)

Föstudagur 3. mars 2023

Föstudagur 19. maí 2023 (eins og Melaskóli)

F. h. leikskólans Sæborgar

22.september 2022

Hafdís Svansdóttir

Leikskólastjóri



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn Foreldraráðs Sæborgar við starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Foreldraráð vill nýta tækifærið og hrósa og þakka fyrir metnaðarfullt og gott starf á Sæborg síðastliðið starfsár. Á undanförunum árum hefur starfið verið krefjandi í ljósi heimsfaraldurs en nú sjáum við loks fram á bjartari og eðlilegri tíma. Þeir munu vonandi skila sér í minna álagi á starfsmenn og minni starfsmannaveltu og þar með leiða til aukinnar starfsánægju og betra skólastarfs. Gleðilegt er að endurheimta listasmiðjustjórnann enda er listin eitt helsta einkenni Sæborgar og eitthvað sem öll börnin njóta og læra í gegnum.

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Sæborgar fyrir skólaárið 2022-23 og hefur eftirfarandi fram að setja:

Verkefnin

- Umbótaverkefni; þau umbótaverkefni sem lagt verður upp með í vetur þurfa að mati foreldraráðs að vera betur tímasett. Það styður við að farið verði í þau öll og lágmarkar hættuna á að einhver sitji á hakanum vegna annara verkefna. Öll eru þau dagsett frá september 2022 til vors/sumars 2023 en foreldraráð óskar eftir aukinni nákvæmni.
- Lausnarhringur; Þetta verkefni var kynnt á foreldrafundi síðastliðið haust við jákvæðar undirtektir. Þar fer einfalt verkefni sem skilar af sér miklu og allir geta tekið þátt í. Foreldraráð hvetur til þess að verkefninu verði haldið áfram þrátt fyrir forföll upphafskonu þess. Einnig mætti hefja innleiðingu þess á yngri deildir leikskólans eins og hægt er.
- Skráningar; Í starfsáætlun er fjallað um aukna áherslu á skráningar. Foreldraráð tekur undir þessa áherslu, enda eru skráningarnar eitthvað sem börnin munu njóta þess að eiga um aldur og ævi. Minna mætti foreldra reglulega á að koma með skráningar að heiman.
- Flæðið; Í starfsáætlun var áhersla á flæðið og var sérstök kynning á því meðal starfsmanna. Foreldraráð vill koma því á framfæri að mikil ánægja er meðal barnanna með flæði og tala mörg þeirra um að þetta sé þeirra uppáhald. Foreldraráð styður sérstaklega við flæðið sem einn meginhornstein í skapandi starfi Sæborgar og bendum á að möguleikar eru á að nýta starfskraft foreldra í flæðið.



Tækni

- Heimasíða Sæborgar; Foreldraráð hvetur til þess að heimasíða Sæborgar verði vakin upp af dvala. Heimasíðan skiptir máli fyrir foreldra og aðra aðstandendur barnanna því þar væri hægt að nálgast mikið af þeim upplýsingum sem borist hafa í tölvupósti og hanga uppi á veggjum í Sæborg. Má þar nefna skóladagatal, lista yfir og myndir af starfsmönnum, upplýsingar um foreldrafélag og foreldraráð, stefnu og starfsáætlun skólans og aðrar hagnýtar upplýsingar sem varða skólastarfið. Þannig gæti virk heimasíða dregið úr fyrirspurnum foreldra til skólastjórnenda og þar með dregið úr álagi.
- Völuappið; Völuappið er frábært tæki að mati foreldraráðs en hægt er að nýta það betur. Matseðlar hafa ekki verið þar inni síðan í janúar 2022 sem foreldrar sakna. Starfsmenn eru jafnframt misduglegir við að skrá daglegar athafnir svo sem svefn og hve mikið börnin borða, en þetta eru upplýsingar sem skipta máli þegar heim er komið og þá ekki síst hjá yngsta hópnum. Eins býður appið uppá fleiri möguleika svo sem samskipti, myndir af börnunum, viðburði o.fl. Tökum nú tæknina í okkar hendur eins og segir í starfsáætlun :)

Vinnustaðurinn

- Starfsþróunarsamtöl; Foreldraráð leggur mikla áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri á starfsþróunarsamtali við stjórnendur og að þau mæti ekki afgangi í daglegu amstri. Slík samtöl eru mikilvæg báðum aðilum og geta stuðlað að aukinni starfsánægju sem leiðir af sér aukin gæði í leikskólastarfinu. Starfsþróunarsamtöl verða að geta farið fram án truflunar svo leita þarf leiða til að lágmarka hana hvort sem það er með því að farið sé út af vinnustaðnum, samtölin séu styttri en fleiri þar sem ákveðið þema er í hverju þeirra eða með öðrum leiðum sem henta starfinu.
- Vinnustaðamenning; Í kjölfar erfiðra tíma síðasta vetur, mikilla veikinda, fjarvista og álags á starfsmenn er mikilvægt að huga vel að vinnustaðamenningunni og huga að þeim gildum sem starfsmenn vilja hafa að leiðarljósi. Niðurstöður starfsmannakönnunar frá 2021 sýna að flestir starfsmenn fá og veita hrós og fá uppbyggilegar ábendingar. Það er að mati foreldraráðs ekki ásættanlegt. Allir eiga skilið hrós og allir eiga að hrósa. Eins kom fram að umgengni er að nokkru ábótavant, rýna þarf í af hverju, er það vegna tímaleysis, álags eða hefur menningin áhrif þar á? Við hvetjum til þess að starfsmannakönnun sem gerð var á árinu verði nýtt að fullu til að rýna í hvað þarf að bæta og hvað er vel gert og að starfsmannahópurinn fari saman í það verkefni. Starfsdagar eru tilvaldir til slíkra verkefna.



- Það er gaman að lesa um það að starfsmönnum hefur gefist færi á að sinna verkefnum af eigin frumkvæði. Gjöfult er að vinna með áhugasvið starfsmanna og leyfa öðrum starfsmönnum og börnum að njóta góðs af.
- Foreldraráð hvetur til aukinna ráðninga afleysingafólks og að boðið sé uppá fleiri hlutastörf til að mæta atvinnulífinu, sveigjanlegum vinnutíma starfsfólks og öðrum fjarvistum. Til að mynda geta háskólanemar komið inn í starfið og sinnt reglulega ákveðnum föstum verkefnum án þess að það skapi óstöðugleika í starfinu heldur geti þvert á móti orðið ánægjuleg tilbreyting fyrir bæði nemendur og starfsfólk.
- Aldur og fjöldi barna á deildum skiptist frekar ójafnt í ár. Eldri börnin eru öll á Brúarenda og svo eru hinar deildirnar með fremur ung börn og fámennar miðað við það sem tíðkast. Foreldraráðið hvetur til þess að tekinn verði inn sem jafnastur fjöldi barna á hverju ári. Það er mikilvægt að börnin geti fylgt sínum árgangi og að þroskastig barna sé svipað á hverri deild fyrir sig.

Leyfi

- Skipulags- og starfsdagar; Þeir foreldrar sem eiga börn á öðru skólastigi í Vesturbæ hafa ítrekað óskað eftir því að aukið samræmi verði í skóladagatali Sæborgar og grunnskólanna í Vesturbæ. Við sýnum því skilning að hluti starfsmanna á börn í þessum skólum en hægt er að fara einhvern milliveg í þessu máli, hugsanlega með hálfum dögum. Foreldraráð hefur formlega beðið um endurskoðun á áætluðum starfsdögum og bíður svars þess efnis.
- Sumarleyfi; Það er spennandi að í sumar fari af stað framkvæmdir við Sæborg. Dagsetningar á sumarleyfi munu eðlilega taka mið af þeim framkvæmdum en foreldraráð óskar eftir að þær dagsetningar verði birtar um leið og verkáætlun liggur fyrir og ekki seinna en um áramót. Það fyrirkomulag að byrja leyfi á hálfum degi og enda það á hálfum degi kom almennt ekki vel út fyrir foreldra og er lagt til að þetta fyrirkomulag verði ekki endurtekið.

Foreldrasamstarf

- Við hvetjum til aukinnar upplýsingagjafar varðandi rekstur Sæborgar, til dæmis hvað varðar mönnun starfsmanna, væntanlegar framkvæmdir, nýtingu leikskólalássa og fleira. Kjörið er að nýta heimasíðu Sæborgar í þetta enda aukið flækjustig að senda slíkar upplýsingar í tölvupóstum sem vilja síðan týnast.
- Í umbótaáætlun kemur fram að gera eigi foreldrakönnun til að meta hvort áætlun um að auka sýnileika stjórnenda hafi skilað árangri. Foreldraráð hvetur til að sú könnun verði jafnframt nýtt til að



kanna fleiri þætti sem snúa að starfinu og að nákvæmari tímasetning á henni sé sett fram. Mikilvægt er að vel sé staðið að þessari könnun til að niðurstöður verði bæði marktækar og gagnlegar.

- Einnig kemur fram að stofna eigi matsteymi til að framkvæma innra mat á starfinu og að fulltrúa foreldra verði boðið sæti í því teymi. Þessu fagnar foreldraráð og hvetur til kynningar á þessu verkefni til foreldra sem og að nákvæmari dagsetningar séu settar fram. Hugsanalega mætti nota áðurnefnda foreldrakönnun til að fá fram hugmyndir að þeim þáttum sem meta á.

- Að lokum hvetjum við svo til þess að þáttur foreldra í leikskólastarfinu verði aukinn þar sem virkt samtal á sér stað um lausnir, verkefni eða annað sem tengist frábæru skólastarfi Sæborgar. Í þessum efnum er tilvalið að nýta heimasíðu Sæborgar og Völuappið, en samskipti og upplýsingaflæði er meginstoð ánægjulegrar samvinnu.

Við viljum enda á að þakka fyrir samstarfið á skólaárinu.

Vesturbær Reykjavíkur, 21. september 2022

Foreldraráð Sæborgar

Anna Guðrún Ragnarsdóttir

Elín Þórisdóttir


Guðrún Arna Gylfadóttir



10.2 Fylgiskjal 2 – Starfsandi og starfsánægja


89% HRÓSAÐ AF YFIRMANNI OG MJÖG VEL TEKIÐ 89% RECEIVED RAISE FROM SUPERIOR/S AND GENERALLY WELL RECEIVED

Hefur þér verið hrósað síðasta mánuð af þínum **yfirmanni/yfirmönnum**? (n=18)
Have you received praise from **your superior/sin** the last month?



■ Já, nokkrum sinnum (yes, more than once) ■ Já, einu sinni (yes, once) ■ Nei (no)


Varst þú ánægð/ur með hrósið? (n=16)
Did it make you feel good?



■ Já (yes) ■ Að einhverju leyti (partially) ■ Nei (no)


94% HRÓSAÐ AF SAMSTARFSMÖNNUM OG MJÖG VEL TEKIÐ 94% RECEIVED RAISE FROM COLLEAGUES AND WELL RECEIVED

Hefur þér verið hrósað síðasta mánuð af **samstarfsmanni þínum**? (n=18)
Have you received praise from **your colleagues** in the last month?



■ Já, nokkrum sinnum (yes, more than once) ■ Já, einu sinni (yes, once) ■ Nei (no)

Varst þú ánægð/ur með hrósið? (n=17)
Did it make you feel good?



■ Já (yes) ■ Að einhverju leyti (partially) ■ Nei (no)


94% HAFI HRÓSAÐ ÖÐRUM 94% HAVE PRAISED THEIR COLLEAGUES

Hefur þú hrósað samstarfsmanni síðasta mánuð? (n=18)
Have you given praise to a colleague in the last month?




ALLIR FENGID JÁKVÆÐAR ÁBENDINGAR SEM NÝTAST ALL RECEIVED CONSTRUCTIVE FEEDBACK WHICH HAS HAD A POSITIVE EFFECT

Færð þú **ábendingar** í þínu starfi á jákvæðan hátt? (n=18)
Do you receive **constructive feedback** on your work?




Nýtast þér þær **ábendingar** í starfi? (n=18)
Does it have a positive effect on your work?



ENGUM LÍÐUR ILLA Í STARFI EN GÆTI ÞÓ LIÐIÐ BETUR NOBODY FEELS BAD AT WORK BUT THERE IS STILL ROOM FOR IMPROVEMENT

Hvernig líður þér í starfi? (n=18)
How do you feel at work?




- Mjög vel (very good)
- Vel (good)
- Sæmilega (ok)
- Illá (bad)



10.3 Fylgiskjal 3 - Umgengni

UMGENGNI ÁGÆT VÍÐA EN MÁ ÞÓ BÆTA TIDINESS VARIES BETWEEN SPACES



ÁBYRGÐ Á UMGENGNI MÁ VERA TÖLUVERT SKÝRARI UNCLARITY REGARDING RESPONSIBILITY FOR EACH SPACE

Gerir þú þér grein fyrir hvaða deild sér
fast um hvaða svæði (n=18)
Do you know which classroom has key
responsibility for which space?



■ Já (yes) ■ Nokkuð vel (mostly) ■ Sæmilega (somewhat) ■ Illu (not really)


Gerir þú þér grein fyrir hvaða deild sér
fast um hvaða svæð vikulega (n=18)
Do you know which team is responsible
for which space each week?



■ Já (yes) ■ Nokkuð vel (mostly) ■ Sæmilega (somewhat) ■ Illu (not really)

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA Í UMGENGNI UM EFNIVIÐ

ROOM FOR IMPROVEMENT REGARDING MATERIALS



10.4 Fylgiskjal 4 – Handleiðsla deildarstjóra

Mat þess deildarstjóra sem þáði handleiðslu

Fannst þér handleiðslan gagnleg? Ef svo, hvað var gagnlegast.

Mér fannst handleiðslan gagnast mér vel, handleiðslan gaf mér sjálfstraust í því starfi sem ég var að taka að mér. Mér fannst þægilegt að geta spurt þeirra spurninga sem ég hafði og fengið góð svör eða faglega gagnrýni.

Fannst þér við hittast nægilega oft, of oft eða of sjaldan.

Mér fannst þetta hefði mátt vera oftár en á sama tíma skil ég að aðstæðurnar voru erfiðar.

Fannst þér eitthvað vanta í handleiðsluna?

Mér finnst ég ekki geta svarað því almennilega hvort eitthvað hafi vantað þar sem ég hef það á tilfinningunni að handleiðslan hafi ekki verið "kláruð".

Hvort telur þú betra að deildarstjóri sé einn í handleiðslu með handleiðara eða fleiri deildarstjórum?

Mér fannst bæði mjög þægilegt að vera með öðrum deildarstjórum sem og vera einn, að vera með fleiri deildarstjórum gefur tækifæri á samskiptum við aðra í sömu stöðu. Aftur á móti þegar ég var einn fannst mér auðveldara að fínþússa það sem mér fannst ég þurfa að gera betur eða þurfti að fá aðstoð með.

Hvort telur þú betra að vera í handleiðslu á vinnutíma eða utan vinnutíma (og fá yfirvinnu)?

Mér fannst þægilegt að gera þetta eftir vinnu tíma þar sem þá var auðveldara að einbeita sér að handleiðslunni, þá var ég ekki að hugsa um það sem þyrfti að gera þann daginn eða hvernig ástandið inni á deildinni væri.

Gastu nýtt þér leiðbeiningaskjalið og hugmyndabankann sem útbúinn var um foreldrasamtöl?

Ég gat það og gerði það í fyrstu foreldrasamtölunum. Mér fannst mjög þægilegt að fá að sjá og nýta mér leiðbeiningaskjalið þar sem ég hafði ekki áður haldið foreldrasamtöl.

Mat þess sem handleiddi

Þegar ég fór að huga að handleiðslunni kom í ljós að það er ekki auðvelt að finna leiðbeiningar eða gögn um handleiðslu nýrra deildarstjóra. Jafnframt var starfslýsing deildarstjóra (sem miðast við fólk með kennsluréttindi) frekar fræðileg og ekki nógu hagnýt. Ég bjó því til hálfgerðan þekkingarvef þar sem allar skyldur og ábyrgð deildarstjóra kæmu fram, t.d. að í foreldrasamstarfi fælist almenn samskipti við foreldra, fréttabréf, foreldrasamtöl og tölvupóstsamskipti. Það sama gildi um stjórnun, vinnu með börnum, umhverfið o.s.frv. Ég held og vona að það hafi nýst vel.

Ég lagði einnig talsverða vinnu í að útbúa leiðarvísi um hvernig við vinnum einstaklingsnámskrá fyrir hvert barna, hvernig við orðum hlutina, hvað er mikilvægt að komi fram, aðkoma foreldra að gerð einstaklingsnámskrárinnar og hvernig foreldrasamtölin fara fram. Í ljós kom að þetta nýttist einnig vanari deildarstjórum.

Tveir deildarstjórar byrjuðu í handleiðslunni en annar hætti í mars. Ég er sammála deildarstjóranum hér að ofan að það hefur bæði kosti að hafa einn deildarstjóra á handleiðslufundum og fleiri. Sumt í handleiðslunni nýttist fleirum en annað er einstaklingsbundnara.

Ég tek jafnframt undir það sem deildarstjórinn sagði hér að ofan að það hafi verið eins og handleiðslan kláraðist ekki og hittumst við t.d. ekkert á vorönn. Það var að mestu leyti vegna anna okkar beggja. Ég sé fram á að halda handleiðslunni áfram (og þá fyrir bæði nýja deildarstjóra og þá sem hafa bara verið eitt ár í starfi) en þá tel ég skynsamlegt að skipuleggja nokkra fundi fram í tímann.

Handleiðslan var mjög lærdómsrík fyrir mig sjálfa og gaman að ígrunda og skilgreina daglegt starf og skyldur deildarstjóra í leikskóla.

Anna Gréta Guðmundsdóttir



10.6 Fylgiskjal 5 – Matmálstímar yngri barna

Í Sæborg leggjum við áherslu á að matartíminn sé **jákvæð upplifun, rólegur og nærandi**. Við sitjum í rólegheitum í matartímanum og þá gefst gott tækifæri til þess að **spjalla**. Okkur finnst mikilvægt að umhverfið á matmálstímum sé bæði **fallegt** og **snyrtilegt**.

Morgunmatur

Börn á Görðum og Lambhól borða morgunmatinn sinn inni á deildum, yfirleitt frá kl. 8.20-9.00.

Hádegismatur

Í hádeginu borða börn á Lambhól á tveimur stórum borðum á Torginu en ekki inni á deild. Börn á Görðum borða bæði inni á deild og á Torginu, þ.e. eitt stórt borð inni á deild (ca. 6 börn) og eitt borð á Torginu (ca. 3 börn). Matartíminn hefst á bilinu 11.20-11.25 og lýkur fyrir kl. 12.

Síðdegishressing

Börn á Görðum og Lambhól borða síðdegishressinguna sína inni á deildum í svokölluðu „síðdegishressingarflæði“ en þá eru sum börnin að leika í innra herbergi á meðan hin borða. Síðdegishressingin byrjar yfirleitt um ca. 14.20 og lýkur um kl. 15.

Mikilvægt **nám** á sér stað í matartímunum, t.d. **almennir borðsiðir** eins og að nota gaffal, setja hæfilegt magn af mat upp í munninn, kyngja áður en maður talar og passa upp á glasið sítt. Eins læra börnin að sitja róleg, sýna **þolinmæði** og biðja þar til röðin kemur að þeim. Oft gefst gott tækifæri til þess að spjalla í matartímanum og eflist alhliða **málþroski**: orðaforði eykst, setningar lengjast og börnin venjast því að biðja um matinn með orðum í stað þess að benda.

Í matmálstímum **sitja kennarar við borðin** með börnunum. Við viljum vera góðar fyrirmyndir og stöndum því ekki og borðum yfir börnunum. Þegar kennarar sitja við borð með börnunum er líklegra að þau sitji sjálf róleg og gefi sér tíma til þess að borða.

Við setjum **matarföt á hvert borð** og skömmtum börnunum sitjandi við borðið. Þar er maturinn sýnilegur börnunum og auðveldara fyrir þau að óska eftir meira af einhverju. Gott er að passa upp á að matarfötin passi vel á borðin – stundum þurfum við að biðja um aðeins minni skálar og föt ef borðið er lítið.

Það getur verið flókið annars vegar að kenna börnum að **smakka allan mat** og hins vegar að bera virðingu fyrir því að **börnum finnst ekkert endilega allur matur góður**. Með yngri börnunum setjum við helst smá af öllum mat á diskinn og hvetjum þau til þess að smakka sósuna. Við látum matinn ekki snertast að óþörfu. Þau þurfa ekki að fá allar sortir þegar þau fá ábót. Ekki er nauðsynlegt að klára allt af disknum til þess að fá ábót, t.d. getur barn fengið aðra fiskibollu þótt það hafi ekki borðað kartöfluna. Sumum börnum finnst t.d. kartöflur vondar og þá getum við ekki pínþ þau að borða þær.

Mikilvægt er að **setja orð á mat og athafnir**, t.d. má bjóða þér aðra papríku? Ertu orðin södd? Ertu svona þyrst? o.s.frv.



Eins er nauðsynlegt að **skera matinn** fyrir börnin í hæfilega litla bita. Það minnkar líkur að það standi í þeim auk þess sem það auðveldar þeim að nota gaffalinn.

Við hvetjum þau börn sem klára fyrst til þess að **sitja aðeins lengur** svo að aðrir gefi sér tíma til að klára. Sum börn vilja ganga mjög fljótt frá en eru svo kannski ekki búin að borða sig södd.

Börn með tennur geta oftast borðað **skorpuna** og eiga að gera það.

Börnin þurfa **aðstoð við frágang**. Oft er gott að kennari skafi matinn af disknum (eða súpuna) við borðið en svo gengur barnið sjálf frá disknum, gaffli/skeið og glasi. Það minnkar líkur á að maturinn endi í gólfinu.

Eftir matinn eru börnin oft óhrein í kringum munn og á höndum, þá er nauðsynlegt að **aðstoða þau við að þvo sér**, t.d. með þvottapoka (einum fyrir hvert barn), grisju eða við vaskinn inni á deild. Stundum er hægt að nota smekkin en það fer eftir aðstæðum.



10.7 Fylgiskjal 6 – Matmálstímar eldri barna

Í Sæborg leggjum við áherslu á að matartíminn sé **jákvæð upplifun**, að börnin njóti þess að borða og hafi góðan tíma til þess. Matmálstímar felast ekki bara í því að matast heldur eru þeir einnig félagslegir. Okkur finnst mikilvægt að umhverfið á matmálstímum sé bæði **fallegt** og **snýrilegt**. Matartíminn getu verið streituvaldandi þegar starfsfólk er ekki samstíga eða ef samsetning barnahópsins er óheppileg.

Morgunmatur

Börn á Suðurhlíð og Brúarenda borða morgunmat á Torginu, yfirleitt frá kl. 8.20-9.00.

Hádegismatur

Í hádeginu er matarflæði hjá börnum á Suðurhlíð og Brúarenda á Torginu. Matartíminn hefst kl. 12 og lýkur um kl. 13. Börnin skammta sér sjálf af hlaðborði og velja sér sæti.

Síðdegishressing

Börn á Suðurhlíð og Brúarenda borða síðdegishressinguna sína á Torginu í svokölluðu „síðdegishressingarflæði“ en þá eru sum börnin að leika inni á deildum á meðan hin borða. Síðdegishressingin byrjar yfirleitt um ca. 14.20 og lýkur um kl. 15.15.

Mikilvægt **nám** á sér stað í matartímum, t.d. **almennir borðsiðir** eins og að nota gaffal, setja hæfilegt magn af mat upp í munninn, kyngja áður en maður talar og passa upp á glasið sítt.

Fínhyfingar eflast við að skera, smyrja, stinga í bita, hella í glas og nota hníf og gaffal saman. Þannig eflist einnig **sjálfstæði** barna og **sjálfshjálp**. Börnin læra að **skammta sér hæfilega mikið** og þekkja sitt magamál. Einnig er gott tækifæri til þess að **aðstoða hvort annað**, t.d. við að skera, smyrja og hella í glas. Oft gefst gott tækifæri til þess að spjalla í matartímanum og eflist alhliða **málþroski**: orðaforði eykst og getan til samræðna jafningja eflist.

Mikilvægt er að **hádegishlaðborðið** virki vel og börnin viti hvernig það virkar. Einn kennari er við hlaðborðið og er leiðbeinandi. Sum börn þurfa meiri handleiðslu en önnur, t.d. varðandi hversu mikið er hæfilegt að fá sér.

„**Færibandaaðferðin**“ hentar best á hlaðborðinu, þ.e. að matarfötunum sé raðað eftir miðju borðinu í „eðlilegri“ röð, t.d. falafelbollur, hrísgrjón, grænmeti og svo sósa. Á borðbrúninni langsum er pláss fyrir börnin til þess að setja diskinn sinn. Röðin byrjar þá á endanum og svo færir barnið sig og diskinn smám saman eftir borðinu. Þannig geta allt að þrjú til fjögur börn skammtað sér í einu.

Í hádegismat eru **vatnskönnur** (hálfylltar) og **hnífapör** í málmílati á hverju borði.

Í **upphafi hádegismatsins** koma fyrst fjögur börn frá Suðurhlíð að hlaðborðinu og svo fjögur börn frá Brúarenda, aftur fjögur börn frá Suðurhlíð og fjögur frá Brúarenda þar til sextán börn sitja við borð. Þessi aðferð er notuð til þess að biðröðin verði aldrei of löng. Þá er hlé þar til einhver af þeim börnum hafa klárað að borða og þá er hægt að bjóða fleirum. Við miðum við að það séu ekki mikið fleiri en átta börn frá hvorri deild í einu í matarflæðinu.



Hlutverk kennara í matarflæðinu er mikilvægt og nauðsynlegt að við séum öll samstíga. Yfirleitt eru bara tveir kennarar í matarflæðinu nema ef sérkennslubörn þurfi aðstoð, örvun eða aðhald. Einn kennari situr við hlaðborðið eins og kom fram að ofan og leiðbeinir börnunum við skömmtnun. Hinn starfsmaðurinn er við borðin, aðstoðar ef þarf að skera, þurrkar af óhreinum borðum á milli matargesta, sópar upp mat og fylgist með að allt sé snyrtilegt á frágangsvagninum.

Mikilvægt er að **kennarar passi röddina sína og séu ekki að spjalla saman** á meðan börnin borða. Okkar hlutverk er að vera börnunum innan handar, halda rólegri og ánægjulegri stemningu og sjá til þess að reglum sé fylgt. Við verðum einnig að gæta að því að matarílát passi vel á hlaðborðið og að áhöld henti höndum barnanna.

Betra er að hafa fleiri minni borð en færri og stærri þar sem minni borð gefa tækifæri til nánari samræðna. Við viljum að börnin hafi **alltaf eitthvað val** um sæti og þess vegna höfum við alltaf aðeins fleiri sæti en við notum.

Við hvetjum börnin til þess að blandast á milli deilda.

Leyfilegt er að **barn skipti um sæti** ef það situr eitt eftir eða eitthvað kemur upp á. Þösum að þessi möguleiki sé ekki ofnotaður.

Við viljum hvetja börnin **til þess að nota hnífa og skera matinn** í stað þess að stinga gafflinum í kjötbollu og bíta af. Hnífar (og gafflar) eru til staðar á hverju borði. Kennari getur aðstoðað börn við að skera ef þarf.

Í **síðdegisflæðinu** ætlum við að breyta til baka eftir covid og hafa aftur smjör í litlum ílátum á hverju borði í stað þess að kennari smyrji fyrir börn við hlaðborðið. Þá æfast börnin í að **smyrja sjálf** eða leita aðstoðar hjá vinum. Brauð er á hlaðborðinu og ekki gert ráð fyrir að börnin fái meira en eina brauðsneið í einu. Börnin geta og eiga að sjálfsögðu að borða skorpuna.



10.8 Fylgiskjal 7 – Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitafélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Sæborg

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1												
2	1. M. Frídagur verðmáttar	1. F.	1. L.	1. Þ.	1. F. Fullveldisdagurinn	1. S. Miðdagur	1. M.	1. M.	1. L.	1. M. Verðmáttardagurinn	1. F.	1. L.
3	2. Þ.	2. F.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M. Starfríðdagur	2. F.	2. F.	2. S. Þínámsdagur	2. Þ.	2. F.	2. S.
4	3. M.	3. L.	3. M. Kvennagirtindi f. for.	3. Þ.	3. L.	3. Þ.	3. F.	3. F.	3. M.	3. M.	3. L.	3. M.
5	4. F.	4. S.	4. Þ. Kvennagirtindi f. for.	4. F.	4. S.	4. M.	4. L.	4. L.	4. Þ.	4. F.	4. S. Símanámsdagurinn	4. Þ.
6	5. M.	5. M.	5. M. Kvennagirtindi f. for.	5. L.	5. M.	5. F.	5. S.	5. S.	5. M.	5. F.	5. M.	5. M.
7	6. Þ.	6. Þ.	6. F. Kvennagirtindi f. for.	6. S.	6. Þ.	6. F. Þrestöðinn	6. M. Dagur leikskólans	6. M. Forleiddagurinn	6. F. Skírdagur	6. L.	6. Þ.	6. F.
8	7. F.	7. M.	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. Þ. Dagur tölustaráttarinn	7. Þ. Forleiddagurinn	7. F. Þórshagsdagurinn	7. S.	7. M.	7. F.
9	8. F. Dagur húsar	8. F.	8. L.	8. Þ. Þórshagsdagurinn	8. F.	8. S.	8. M.	8. M. Forleiddagurinn	8. L.	8. M.	8. F.	8. L.
10	9. F.	9. F.	9. S.	9. M.	9. F.	9. M.	9. F.	9. F. Forleiddagurinn	9. S. Þórshagsdagur	9. Þ.	9. F.	9. S.
11	10. M.	10. L.	10. M.	10. Þ.	10. L.	10. Þ.	10. M.	10. F. Forleiddagurinn	10. M. Annar íslóðum	10. M.	10. L.	10. M.
12	11. F.	11. S.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. L. Dagur íslenska láttarinn	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. Þ.
13	12. F.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. S.	12. S.	12. M.	12. F.	12. M.	12. F.
14	13. M.	13. L.	13. M.	13. Þ.	13. L.	13. Þ.	13. M.	13. M.	13. F.	13. L.	13. Þ.	13. F.
15	14. F.	14. S.	14. F.	14. M.	14. S.	14. M.	14. L.	14. L.	14. M.	14. S.	14. F.	14. L.
16	15. M.	15. M.	15. L.	15. Þ.	15. M.	15. F.	15. S.	15. M.	15. L.	15. M.	15. F.	15. L.
17	16. F.	16. F.	16. S.	16. M.	16. F.	16. M.	16. L.	16. F.	16. M.	16. S.	16. F.	16. S.
18	17. F.	17. M.	17. M.	17. L.	17. M.	17. F.	17. S.	17. M.	17. L.	17. M.	17. S.	17. M.
19	18. M.	18. L.	18. M.	18. Þ.	18. L.	18. Þ.	18. M.	18. F.	18. M.	18. S.	18. F.	18. L.
20	19. F.	19. S.	19. F.	19. M.	19. S.	19. M.	19. L.	19. L.	19. M.	19. S.	19. F.	19. S.
21	20. M.	20. M.	20. L.	20. Þ.	20. M.	20. F.	20. S.	20. M.	20. F.	20. L.	20. Þ.	20. F.
22	21. F.	21. F.	21. S.	21. M.	21. F.	21. M.	21. L.	21. F.	21. M.	21. S.	21. F.	21. L.
23	22. M.	22. M.	22. L.	22. Þ.	22. M.	22. F.	22. S.	22. M.	22. L.	22. M.	22. F.	22. S.
24	23. F.	23. F.	23. S.	23. M.	23. F.	23. M.	23. L.	23. F.	23. M.	23. S.	23. F.	23. L.
25	24. M.	24. L.	24. M.	24. Þ.	24. L.	24. Þ.	24. M.	24. F.	24. M.	24. S.	24. F.	24. S.
26	25. F.	25. S.	25. F.	25. M.	25. S.	25. M.	25. L.	25. M.	25. F.	25. L.	25. Þ.	25. F.
27	26. M.	26. M.	26. L.	26. Þ.	26. M.	26. F.	26. S.	26. M.	26. L.	26. S.	26. F.	26. L.
28	27. F.	27. F.	27. S.	27. M.	27. F.	27. M.	27. L.	27. F.	27. M.	27. S.	27. F.	27. L.
29	28. M.	28. M.	28. L.	28. Þ.	28. M.	28. F.	28. S.	28. M.	28. L.	28. M.	28. F.	28. S.
30	29. F.	29. F.	29. S.	29. M.	29. F.	29. M.	29. L.	29. F.	29. M.	29. S.	29. F.	29. L.
31	30. M.	30. L.	30. M.	30. Þ.	30. L.	30. Þ.	30. M.	30. F.	30. M.	30. S.	30. F.	30. S.
32	31. F.	31. S.	31. F.	31. M.	31. S.	31. M.	31. L.	31. F.	31. M.	31. S.	31. F.	31. L.
33	32. M.	32. M.	32. L.	32. Þ.	32. M.	32. F.	32. S.	32. M.	32. L.	32. M.	32. F.	32. S.
34	33. F.	33. F.	33. S.	33. M.	33. F.	33. M.	33. L.	33. F.	33. M.	33. S.	33. F.	33. L.
35	34. M.	34. L.	34. M.	34. Þ.	34. L.	34. Þ.	34. M.	34. F.	34. M.	34. S.	34. F.	34. S.
36	35. F.	35. F.	35. S.	35. M.	35. F.	35. M.	35. L.	35. M.	35. L.	35. M.	35. F.	35. L.
37	36. M.	36. M.	36. L.	36. Þ.	36. M.	36. F.	36. S.	36. M.	36. L.	36. S.	36. F.	36. S.
38	37. F.	37. F.	37. S.	37. M.	37. F.	37. M.	37. L.	37. F.	37. M.	37. S.	37. F.	37. L.
39	38. M.	38. M.	38. L.	38. Þ.	38. M.	38. F.	38. S.	38. M.	38. L.	38. M.	38. F.	38. S.
40	39. F.	39. F.	39. S.	39. M.	39. F.	39. M.	39. L.	39. F.	39. M.	39. S.	39. F.	39. L.
41	40. M.	40. L.	40. M.	40. Þ.	40. L.	40. Þ.	40. M.	40. F.	40. M.	40. S.	40. F.	40. S.
42	41. F.	41. S.	41. F.	41. M.	41. S.	41. M.	41. L.	41. F.	41. M.	41. S.	41. F.	41. L.

